

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 97/47/EB frá 28. júlí 1997

um breytingu á viðaukunum við tilskipanir ráðsins 77/101/EBE, 79/373/EBE og 91/357/EBE(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAG-
ANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 77/101/EBE frá 23. nóvember 1976 um markaðssetningu óblandaðs fódurs⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/654/EBE⁽²⁾, einkum 10. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 79/373/EBE frá 2. apríl 1979 um markaðssetningu blandaðs fódurs⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/24/EB⁽⁴⁾, einkum e-lið 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilkynnt hefur verið um tilfelli af heilahrörnun í nautgripum (BSE) í sumum aðildarríkjanna. Einnig er vitað að riða finnst í sumum aðildarríkjanna. Heilahrönnunar- og riðusmit getur borist um munn.

Talið er að heilahrönnun í nautgripum stafi af því að í fódur eru notuð prótín úr jörturdýrum sem eru smitberar fyrir sjúkdómsvald heilahrönnunar og sem hafa ekki verið meðhöndluð á þann hátt að slíkir sjúkdómsvaldar verði óvirkir.

Til að vernda jörturdýr gegn þeirri hættu sem stafar af því að meðhöndlun prótína tryggir ekki ávallt að sjúkdómsvaldarnir séu algerlega óvirkir samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun 94/381/EB frá 27. júní 1994 um tilteknar verndarráðstafanir vegna heilahrönnunar í nautgripum og notkun spendýraprótína í fódri⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 95/60/EB⁽⁶⁾. Með því skjali var bannað að fódra jörturdýr með prótínum unnum úr vefjum spendýra, en mælt fyrir um að veita beri undanþágu fyrir tilteknar afurðir, enda séu þær ekki hættulegar heilsu.

Í ljósi þess að heilsu manna er stefnt í voða með því að gefa jörturdýrum fódur sem inniheldur smituð prótín úr vefjum spendýra og að ekki er hægt að útiloka að sjúkdómurinn berist í menn ákvað ráðið á fundi sínum 1. til 3. apríl 1996 að samþykka viðbótarráðstafanir til að vernda heilsu manna og dýra.

Af hagkvæmnisástæðum og til að stuðla að samkvæmni laga er bannað, samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/274/EB frá 10. júlí 1995 um breytingu á ákvörðun 91/516/EB um gerð skráar yfir innihaldsefni sem bannað er að nota í blandað fódur⁽⁷⁾, að nota prótín unnin úr vefjum spendýra í fódurblöndur handa jörturdýrum.

Í tilskipun 77/101/EBE og 79/373/EBE er mælt fyrir um almennar og sértækar reglur um markaðssetningu og merkingar á óblönduðu fódri og fódurblöndum. Til að koma megi í veg fyrir að notendur fódurs, sem inniheldur prótín úr tilteknum vefjum spendýra, gefi jörturdýrum það sökum fáfræði um gildandi reglur um fódur og dýraheilbrigði er nauðsynlegt að viðeigandi merkingar á slíku fódri veki athygli á banninu við notkun þess við fódur jörturdýra. Tilskipun 77/101/EBE verður felld úr gildi með tilskipun ráðsins 96/25/EB⁽⁸⁾ um dreifingu fódurefna og því er einnig nauðsynlegt að mæla fyrir um svipaðar ráðstafanir í tilskipun 96/25/EB.

Ákvæðin, sem sett eru, skulu gilda með fyrirvara um strangari ákvæði sem sum aðildarríkjanna kunna að hafa sett eins og leyft er í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 90/667/EBE frá 27. nóvember 1990 um reglur um heilbrigðiseftirlit með förgun og vinnslu skepnuúrgangs, markaðssetningu hans og ráðstafanir til að koma í veg fyrir lifandi smitefni í fódri úr dýraafurðum, þar á meðal fiskafurðum, og um breytingu á tilskipun 90/425/EBE⁽⁹⁾.

Nauðsynlegt er að aðildarríki, sem beita strangari bönnum, samþykki ákvæðin um merkingar í samræmi við bönnin sem gilda í þeim aðildarríkjum.

Þeir flokkar innihaldsefna, sem skráðir eru í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/357/EBE frá 13. júní 1991 um flokka efna sem nota má til að merkja fódurblöndur fyrir önnur dýr en gæludýr⁽¹⁰⁾, gera kleift að flokka nokkur innihaldsefni undir sömu lýsingu. Þó þurfa búfjárbændur nákvæmar og markvissar upplýsingar um fódurblöndur sem hafa að geyma innihaldsefni sem saman-

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 211, 5.8.1997, bls. 45, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB nr. L 32, 3. 2. 1977, bls. 1.

(2) Stjtið. EB nr. L 353, 17. 12. 1990, bls. 48.

(3) Stjtið. EB nr. L 86, 6. 4. 1979, bls. 30.]

(4) Stjtið. EB nr. L 125, 23. 5. 1996, bls. 33.

(5) Stjtið. EB nr. L 172, 7. 7. 1994, bls. 23.

(6) Stjtið. EB nr. L 55, 11. 3. 1995, bls. 43.

(7) Stjtið. EB nr. L 167, 18. 7. 1995, bls. 24.

(8) Stjtið. EB nr. L 125, 23. 5. 1996, bls. 35.

(9) Stjtið. EB nr. L 363, 27. 12. 1990, bls. 51.

(10) Stjtið. EB nr. L 193, 17. 7. 1991, bls. 34.

standa af prótínunum úr vefjum spendýra. Því ber að fella brott úr merkingum fódurblandna flokkinn „Afurðir landdýra“ sem á við þann flokk innihaldsefna. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að fódurframleiðendur gefi nákvæma lýsingu á þeim innihaldsefnum sem sá flokkur nær til, þar sem þau tilheyra ekki lengur neinum þeirra flokka sem tilgreindir eru í viðaukanum við tilskipun 91/357/EBE.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMPYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæði þessarar tilskipunar gilda með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 94/381/EB.

2. gr.

Breyting á tilskipun 77/101/EBE

Eftirfarandi liður bætist hér með við A-hluta viðaukans við tilskipun 77/101/EBE:

„3. Merking óblandaðs fódurs sem samanstendur af prótínunum sem unnin eru úr vefjum spendýra.

3.1. Óblandað fóður, sem samanstendur af prótínunum sem unnin eru úr vefjum spendýra, skal merkja sem hér segir: „Í þessu óblandaða fóðri er prótín sem unnið er úr vefjum spendýra og óheimilt er að gefa jörturdýrum“.

Þetta gildir ekki um:

- mjólk og mjólkurafurðir,
- gelatín,
- amínósýrur unnar úr húðum og skinnnum með ferli sem felst í því að meðhöndla efnið við sýrustig milli 1 og 2 og þar á eftir við sýrustig > 11 og loks með hitameðferð við 140 °C í 30 mínútur við 3 bara þrýsting,
- díkalsíumfosfat unnið úr fituhreinsuðum beinum og
- þurrkaðan blóðvökva og aðrar blóðafurðir.

3.2. Ef aðildarríki bannar notkun prótíns sem unnið er úr vefjum spendýra, eins og um getur í fyrsta málslið í lið 3.1., í fódurefni handa tilteknum dýrum öðrum en jörturdýrum, eins og heimilt er

samkvæmt 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 90/667/EBE (*), skal í merkingunni, sem krafist er í lið 3.1, einnig minnst á aðrar tegundir eða flokka dýra sem bannað er að fódra með viðkomandi afurðum.

(*) Stjttíð. EB nr. L 363, 27. 12. 1990, bls. 51.“

3. gr.

Breyting á tilskipun 79/373/EBE

Eftirfarandi liður bætist hér með við A-hluta viðaukans við tilskipun 79/373/EBE:

„7. Merking fódurblandna sem samanstanda af prótínunum sem unnin eru úr vefjum spendýra.

7.1. Fódurböndur, sem innihalda prótín sem unnið er úr vefjum spendýra og ætlaðar eru öðrum dýrum en gæludýrum, skal merkja sem hér segir: „Í þessari fódurböndu er prótín sem unnið er úr vefjum spendýra og óheimilt er að gefa jörturdýrum“.

Þetta gildir ekki um fódurböndur sem ekki innihalda annað prótín úr vefjum spendýra en:

- mjólk og mjólkurafurðir,
- gelatín,
- amínósýrur unnar úr húðum og skinnnum með ferli sem felst í því að meðhöndla efnið við sýrustig milli 1 og 2 og þar á eftir við sýrustig > 11 og loks með hitameðferð við 140 °C í 30 mínútur við 3 bara þrýsting,
- díkalsíumfosfat unnið úr fituhreinsuðum beinum og
- þurrkaðan blóðvökva og aðrar blóðafurðir.

7.2. Ef aðildarríki bannar notkun prótíns sem unnið er úr vefjum spendýra, eins og um getur í fyrsta málslið í lið 7.1., í fódurefni handa tilteknum dýrum öðrum en jörturdýrum, eins og heimilt er samkvæmt 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 90/667/EBE (*), skal í merkingunni, sem krafist er í lið 7.1, einnig minnst á aðrar tegundir eða flokka dýra sem bannað er að fódra með viðkomandi afurðum.

(*) Stjttíð. EB nr. L 363, 27. 12. 1990, bls. 51.“

4. gr.

Breyting á tilskipun 91/357/EBE

Viðaukanum við tilskipun 91/357/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1. 12. flokkur, „Afurðir landdýra“, falli brott;
2. Í 1. dálki komi tölurnar „12“, „13“, „14“ og „15“ í stað talnanna „13“, „14“, „15“ og „16“.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. desember 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. júlí 1997.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.